

HJÁLPARSTARF KIRKJUNNAR



Margt smátt ... jólablað, 3. tbl. 2022



HJÁLPUMST AÐ HEIMA OG HEIMAN!

Við sendum þér 2.500 kr. valgreiðslu í heimabankann
svo þú getir hjálpað þeim sem þurfa á því að halda!

HÖFUM MANNÚÐ AÐ LEIÐARLJÓSI!

Efnahagslegar og félagslegar afleiðingar kórónuveirufaraldursins, vopnuð átök víða um heim og neikvæð áhrif loftslagsbreytinga hafa dýpkað gjána á milli fátækra og ríkra og gert fleiri útsetta fyrir sárafatækt. Þá eru ótalin þau áhrif sem innrás Rússlandshers í Úkraínu hafa haft og koma til með að hafa á líf fólksins í Úkraínu og á efnahagskerfi heimsins í heild sinni.

Vopnaðar fylkingar hafa undanfarið háð blóðug stríð í Afganistan, Eþíópíu, Myanmar, Líbanon, Jemen, Sómalíu og fleiri ríkjum og þar hafa átökin, heimsfaraldurinn og neikvæð áhrif loftslagsbreytinga leitt til fæðuskorts og hungursneyðar. Andstaða í mörgum löndum gegn mannréttindum, jafnrétti kynjanna og lýðræði hafa svo gert slæmt ástand þar enn verra.

Í yfirlitsskýrslu UNOCHA frá júlí 2022 kemur fram að sífellt fleiri jarðarbúar þurfi á mannúðaraðstoð að halda. Á aðeins sex mánuðum, eða frá því í desember 2021, hafði þeim fjölgað um 9,9 milljónir eða úr 296 milljónum í 305,9 milljónir manns.

Það er því ljóst að töluvert bakslag hefur orðið í viðleitni mannkyns til að útrýma sárafatækt og líkur á því að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun náist fyrir árið 2030 fara þverrandi. Þörfin fyrir afgerandi aðgerðir sem auka á samhygð og sjálfbærni í heiminum er því brýn sem aldrei fyrr.



Hjálparstarf kirkjunnar actalliance

Framkvæmdastjóri: Bjarni Gíslason
Margt smátt ..., 3. tölublað 2022, 34. árgangur
Ábyrgðarmaður: Kristín Ólafsdóttir
Forsíðumynd: Kristín Ólafsdóttir, maí 2022.

Kona og barn á þurrkasvæði í Sómalífylki í Eþíópíu. Konur sem taka þátt í verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar þar fá fræðslu og lán til opna búð eða stunda annan smárekstur. Ágóðann nota þær til að búa börnum sínum bjartari framtíð. Lánið greiða þær til baka í verkefnissjóð og þannig fá enn fleiri konur tækifæri til að skapa sér og fjölskyldum sínum betri lífsafkomu.

Aðrar myndir:
Hjálparstarf kirkjunnar og samstarfsaðilar.
Umbrot: Pipar\TBWA

ÞÖKKUM STUÐNINGINN



Í verkefnum á alþjóðavettvangi starfar Hjálparstarf kirkjunnar með systurstofnunum í Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna – ACT Alliance. Í samtökunum eru nú 137 kirkjutengdar hjálparstofnanir sem starfa í 127 löndum, í þróunarsamvinnu og við að veita mannúðaraðstoð.

Samtök og stofnanir í ACT Alliance verða að fylgja ströngum stöðlum um faglegt hjálparstarf sem er byggt á náunga-kærleik og á þeirri forsendu að við eigum öll jafnan rétt á því að njóta verndar og að grunnþörfum okkar sé mætt.

Einn af kostum þess að vinna með systurstofnunum í ACT Alliance er að þær eru þegar á vettvangi, þær vinna í grasróttinni, tala tungumálið og þekkja menninguna. Þær eru kunnugar staðhátum. Alveg eins og Hjálparstarf kirkjunnar vinnur hér heima í samfélaginu í samstarfi við presta og þjónustuveitendur ríkis og sveitarfélaga.

Í starfi okkar treystum við á stuðning hjartahlýrra einstaklinga, félaga, stofnana og fyrirtækja og fyrir þann stuðning erum við innilega þakklát!

Bjarni Gíslason,
framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar



Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar

RÉTTSKIL

Bókhaldspjónusta



HÁTÍÐAR- MESSA

Í UPPHAFI JÓLAFÖSTU

**Útvarpað frá
Hallgrímskirkju á Rás 1
fyrsta sunnudag í aðventu
27. nóvember, kl. 11**

Frú Agnes M. Sigurðardóttir,
biskup Íslands, prédikar. Séra
Irma Sjöfn Óskarsdóttir og séra
Sigurður Árni Þórðarson, prestar
Hallgrímsprestakalls, þjóna fyrir altari.

Kór Hallgrímskirkju syngur. Stjórnandi
er Steinar Logi Helgason. Organisti er
Björn Steinar Sólbergsson.

Jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar
hefst með formlegum hætti.




Hjálparstarf kirkjunnar





Yfir 24 milljónir íbúa Eþíópíu þurfa á aðstoð að halda vegna þurrka í landinu og enn er ekki hægt að koma hjálpargögnum inn í Tigray

„Ef neyðaraðstoð berst ekki til Eþíópíu fljótlega getur það haft mikil áhrif á næstu kynslóðir,“ segir Sophie Gebreyes framkvæmdastjóri Hjálparstarfs Lútherska heimssambandsins í Eþíópíu, samstarfsaðila Hjálparstarfs kirkjunnar í þróunarsamvinnu í landinu. Átök, þurrkar og fátækt herja á landið og yfir 24 milljónir íbúa þurfa aðstoð eingöngu vegna þurrkanna.

Átök í Tigrayhéraði í Eþíópíu undanfarin tvö ár, þar sem her stjórnar héraðsins hefur barist við stjórnarher Eþíópíu, hafa valdið íbúum héraðsins miklum hörmungum. Átökin hafa ekki aðeins haft áhrif í Tigrayhéraði heldur líka í nágrenna-héruðunum Amhara og Afar. Og þrátt fyrir nýumsamið vopnahlé hefur enn enga aðstoð verið hægt að veita íbúum í héraðinu.

Sophie segir stöðuna í Tigrayhéraði grafalvarlega. „Ekkert vatn, engin fjármálaþjónusta, engin matvæli berast því aðfangaleiðum hefur verið lokað vegna átakanna. Það er heldur ekkert net-samband, engin upplýsingamiðlun, allt er lokað. Svo að ég veit í raun ekki hvernig ástandið er. Ég veit bara að það er ískyggilegt.“ Sophie segir þetta líka eiga við um sjúkrahúsin í héruðunum. „Þau hafa engin lyf, ekkert súrefni og fólk deyr að ófyrirsynju. Fólk sem annars dæi ekki deyr vegna skorts á lyfjum, skorts á súrefni, skorts á grunnþjónustu.“

Yfir fimm milljónir manna eru heimilislausar vegna átakanna og því mikilvægt að mannúðarsamtökum verði hleypt inn í héraðið. Sophie bendir á að ofan á þetta bætist svo miklir þurrkar sem herja á allt landið. „Þetta eru einir mestu


þurrkar sem sögur fara af. Í Eþíópíu kom út endurskoðuð viðbragðsáætlun við þurrkum í september. Samkvæmt henni eru 24,1 milljón íbúa sem þurfa aðstoð í Eþíópíu einni. En þurrkarnir herja líka á Sómalíu og Keníu.“



Sophie Gebreyes framkvæmdastjóri Hjálparstarfs Lútherska heimssambandsins í Eþíópíu kom til Íslands í september síðastliðnum til að vekja athygli á grafalvarlegu ástandi í landinu og brýnni þörf fyrir aðstoð alþjóðasamfélagsins. Hún ræddi þá meðal annars við fréttastofu RÚV.

Hjálpumst að!

Við leitum nú til þín um stuðning við starfið



Þú getur valið um að ...

gerast **Hjálparliði** á www.hjalparstarfkirkjunnar.is

greiða **valgreiðslu** í heimabanka, 2.500 kr.

hringja í söfnunarsíma 907 2002 og 907 2003 og greiða 2.500 krónur

leggja framlag inn á styrktarreikning 0334-26-50886, kt. 450670-0499



**Hjálparstarf
kirkjunnar**
actalliance

með þinni hjálp!

„GOTT AÐ FINNA AÐ ÞAÐ SÉ ÞÖRF FYRIR MIG!“

Hjálparstarf kirkjunnar veitir flóttafólki sem flúið hefur frá Úkraínu til Póllands margvíslega aðstoð í samstarfi við Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins, LWF / DWS. Starfsfólkið sem veitir mannúðaraðstoðina er flest pólskt en flóttafólk hefur líka verið ráðið til starfa. Olga frá Ódessu í Úkraínu er ein af þeim. Hún segir gott að finna að það sé þörf fyrir hana og að hún sé ekki bara þiggjandi þjónustunnar.

„Ég varð að flýja því lífið var orðið óbærilegt. Ég varð að yfirgefa heimili mitt, vinnuna mína og landið mitt til að tryggja öryggi barna minna,“ segir Olga sem vann í ríkisbanka fyrir innrás Rússlandshers inn í Úkraínu í febrúar síðastliðnum. Olga aðstoðar nú samlanda sína sem hafast við í flóttamannabúðunum í Póllandi eins og hún. Olga segist vera í góðri stöðu til að veita þeim aðstoð því hún skilji vel aðstæður þeirra og þarfir.



Olga flúði stríðið í Úkraínu og aðstoðar nú samlanda sína sem koma yfir landamærin til Póllands.

LÉTTIR OG GLEÐI

Allan Calma er samhæfingarstjóri mannúðaraðstoðar Lútherska heimssambandsins en í aðstoðinni felst meðal annars að fólk fær reiðufé til að kaupa sér helstu nauðsynjar. Níu af hverjum tíu sem starfa í miðstöðinni þar sem flóttafólkið fær reiðufé er flóttafólk sjálft.


„Það lá beint við að ráða flóttafólk í verkefnið sem krefst mikilla samskipta og upplýsingastreymis. Við sjáum líka að fólkinu léttir þegar það kemur eftir aðstoð og því er svarað á eigin tungumáli, þá ríkir hér gleði,“ segir Alan og bætir við að það sé mjög mikilvægt fyrir fólk á flótta að fá að vinna fyrir sér, mikil sálhjálp felist í því.

56,5 MILLJÓNA KRÓNA FRAMLAG ÍSLENDINGA TIL AÐSTOÐAR VIÐ FLÓTTAFÓLKID

Frá því að Rússlandsher réðst inn í Úkraínu undir lok febrúar á þessu ár hafa fleiri en átta milljónir íbúa neyðst til að flýja landið og fleiri en sjö milljónir eru á vergangi innan Úkraínu. Flóttafólkið er flest konur, börn, eldra fólk og fatlað en karlmenn eru skyldaðir í herinn.

Hjálparstarf kirkjunnar hefur nú sent rúmlega 56,5 milljón króna framlag Íslendinga til mannúðaraðstoðar við flóttafólkið frá Úkraínu. Þar af lagði

utanríkisráðuneytið til 30 milljónir, Proskahjálp 500 þúsund krónur og styrktarsamfélag Hjálparstarfsins 26 milljónir króna. Framlagið var sent til verkefna Hjálparstarfs Lútherska heimssambandsins, LWF/DWS, í Póllandi sem rekur meðal annars sex miðstöðvar þar sem fólkið fær reiðufé og sálfélagslegan stuðning. Einnig eru rekin athvörf fyrir börn og flóttafólkið fær aðstoð svo öryggi þeirra sé tryggt við komuna til Póllands. Sérstök áhersla er lögð á að tryggja aðgengi og öryggi fólks með fötlun.



AÐSTÆÐUR FÓLKS Í MESTUM VANDA HAFNA VERSNAÐ

Mikilvægur tími í starfi Hjálparstarfs kirkjunnar er að hefjast en ár hvert leita fjölmargar fjölskyldur eftir stuðningi á aðventunni svo þær geti gert sér dagamun og glaðst saman um hátíðirnar.

Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi sem hefur umsjón með innanlandsstarfi Hjálparstarfsins, segir að aðventan sé vissulega annasamur tími.

„Jólin eru sérstök hjá okkur. Það er vegna þess að þá kemur hingað stór hópur fólks sem við sjáum bara í desember. Auglýsingaflóðið byrjar strax í nóvember um hvernig við eigum að hafa jólin okkar. Það er afar erfitt sem foreldri, sem á lítið sem ekki neitt, að standa fyrir framan börnin sín og geta ekki tekið þátt. Fólk leitar því aðstoðar um jólin til að eiga smávegis aukalega“, segir Vilborg.

GLÍMT VIÐ SÖMU DRAUGANA

Um langt árabíl hefur Hjálparstarfið aðstoðað fólk sem býr við fátækt og fyrst og fremst með inneign í matvöruverslunum. Foreldrum sem búa við kröpp kjör býðst auk þess jólafatnaður og gjafir fyrir börnin, eins og undanfarin ár en stuðningurinn tekur mið af aðstæðum hvers og eins.

Alls fengu fjölskyldur um land allt inneignarkort og fleira í 1.570 skipti fyrir síðustu jól en í 1.707 skipti var sá sami stuðningur veittur fyrir jólin 2020.

Vilborg segir að þar gæti áhrifa heimsfaraldursins; margir sem þurftu aðstoð eru byrjaðir að vinna að nýju og því ekki aðstoðar þurfi.

„Tilfinning mín er sú að nú fyrir jólin fjölgi aftur og ég finn að það gætir meiri örvæntingar hjá þeim sem sækja til okkar núna,“ segir Vilborg en hækkanði húsaleigu, meiri eldsneytiskostnaði og dýrari matarkörfu fylgja þungar áhyggjur hjá þeim sem minnst hafa handa á milli.

Flestir sem leituðu til Hjálparstarfsins, eða um það bil tveir af hverjum þremur, leituðu aðstoðar í aðeins eitt skipti á starfsárinu 2021–2022. Athyglisvert er þó að þeim sem leituðu til Hjálparstarfsins um efnislega aðstoð fjórum sinnum eða oftar fjölgaði umtalsvert á milli ára, úr 213 fjölskyldum starfsárið 2020–2021 í 281 fjölskyldu starfs-árið 2021–2022. Sú staðreynd dregur fram að aðstæður fólksins sem er í mestum fjárhags- og félagslegum vanda í íslensku samfélagi hafi versnað.

Vilborg segir að ár frá ári sé fólk að glíma við sömu draugana sem er ekki síst ógnarhár húsnæðiskostnaður.

„Ef ég ætti að nefna þá hópa sem standa allra verst þá eru það einstæðu konurnar sem eru búnar að vera á örorkubótum til fjölda ára og svo eru það nýir Íslendingar, þessi stóri hópur fólks á flótta. Það er leigan sem er oftar en ekki meinið. Hún er ógnarhá og étur upp það litla sem fólk þó fær.“

KVENNAMÁL RÆDD

Efnislegur stuðningur, eins og jólaaðstoðin, er nauðsynlegur til þess að svara aðkallandi þörf fólks. Hin hliðin á peningnum er að stuðla að aukinni virkni fólks til lengri tíma og því skipuleggja félagsráðgjafar Hjálparstarfsins reglulega námskeið og hópstarf í samráði við þá sem leita aðstoðar hjá stofnuninni.

Eitt þeirra er verkefna er Taupokar með tilgang sem er fyrir hóp innflytjendakvenna. Verkefnið er unnið í samvinnu við Hjálpræðisherinn og hópurinn hittist tvisvar sinnum í viku. Konurnar endurvinnna efni sem almenningur og fyrirtæki hefur gefið og læra að sauma úr því. Þar kennir margra grasa og verða til fjölnota innkaupatöskur, grænmetispokar, dúkar og skiptiteppi fyrir börn, svo eitthvað sé nefnt. Í lok sauma borða konurnar saman hádegismat.

„Við erum að sauma jólapoka núna sem við viljum selja. Með andvirðinu kaupum við tvinna, borða og gerum við saumavélar. Við viljum að verkefnið verði sjálfbært,“ segir Vilborg en svo eftirsótt er þetta verkefni að konurnar hittast tvisvar í viku en ekki aðeins einu sinni eins og upphaflega var ætlunin. Á starfsárinu 2021–2022 mættu að meðaltali 20 konur og börn þeirra í hvert skipti.

„Núna erum við með stóran hóp af konum frá Nígeríu, Afganistan og Palestínu. Þær koma líka frá öðrum löndum en uppistaðan kemur frá þessum þremur löndum. Þetta er staður þar sem þær eru öruggar og líður vel. Það gefur okkur kost á því að ræða ýmiss kvennamál. Það er afurð þessa verkefnis en þær koma auðvitað líka til að hlægja og hafa skemmtilegt,“ segir Vilborg.



Þær Elín Helga Rink Gunnarsdóttir og Hrefna Gunnarsdóttir, sjálfboðaliðar frá PwC, að ganga frá jólapokum sem eru afrakstur mánaðarins í saumaverkefninu Taupokar með tilgang.



Vilborg Oddsdóttir félagsráðgjafi hefur umsjón með innanlandsstarfi Hjálparstarfsins.



Konurnar sauma þessa fallegu og umhverfisvænu jólapoka utan um jólagjafir. Fyrirtæki jafnt sem einstaklingar geta nálgast jólapokana hjá Hjálparstarfi kirkjunnar á neðri hæð Grensáskirkju, Háaleitisbraut 66 í Reykjavík.

ÞRÓUNARSAMVINNA BER ÁVÖXT!

Ávöxtur vel heppnaðs þróunarsamvinnuverkefnis er að þátttakendur geti staðið á eigin fótum og bætt líf sitt og afkomu. Mariam, Harriet og Ashraf hafa sannað fyrir okkur að þróunarsamvinna virkar.

Hér er saga þeirra:



Konur fá tækifæri til að hefja eigin atvinnurekstur og tryggja börnum sínum betra líf

Stærsta verkefni Hjalparstarfsins í þróunarsamvinnu er með sárafátæku fólki á þurkkasvæðum í Eþíópíu. Stór þáttur í verkefninu er að efla völd og áhrif kvenna, samfélaginu öllu til farsældar.

Mariam

Mariam tók þátt í verkefni Hjalparstarfs kirkjunnar í Sómálífylki í Eþíópíu árið 2014. Hún var þátttakandi í námskeiði fyrir konur um nýsköpun og smárekstur. Farið var í gegnum mikilvæga þætti í því að skapa sér tækifæri og afla tekna. Hún fékk síðan orlán til að opna litla búð.

Mariam er dugnaðarforkur og viðskiptin blómstruðu. Í dag er hægt að fá fjölbreyttar vörur og þjónustu í búðinni, meðal annars er hægt að fá saumuð á sig fót og að hlaða farsíma eða kaupa sólarrafhlöður til að geta hlaðið síma og fyrir ljós á heimilum.

Mariam var fyrsta konan á sínu svæði til að kaupa úlfalda,

en hún á nú sex úlfalda og 30 geitur. Mariam er stórkostleg fyrirmynd fyrir stúlkur og konur í samfélagi þar sem hefðin sagði að konur ættu fyrst og fremst að sinna heimilisverkum og sjá um börnin. Hún á 11 börn og notar ágóðann af starfsemi sinni til að fæða og klæða börnin sín og til að tryggja þeim góða heilsu og menntun.

Fólk sem býr við sárafátækt vegna HIV/alnæmis fær að lifa með reisn

Í þróunarsamvinnuverkefni Hjalparstarfs kirkjunnar í Rakaí- og Lyantonde-héruðum í Suður-Úganda er markmiðið að sinna barnafjölskyldum sem búa við örbirgð og slæmar aðstæður vegna HIV/alnæmis. Foreldrarnir hafa annað hvort látist af völdum sjúkdómsins eða eru mjög veikburða og geta því ekki séð börnum sínum farborða.

Fjölskyldurnar búa í hreysum og hafa hvorki nægan aðgang að vatni né hreinlætisaðstöðu. Fyrir tilstilli verkefnis Hjalparstarfsins fær hver fjölskylda múrsteinshús, kamar, vatnstank og eldaskála. Einnig fær fjölskyldan geitur og stuðning til að rækta grænmetisgarð.

Harriet

Harriet er ein af þeim sem fékk aðstoð Hjalparstarfs á svæðinu. Árið 2010 lá hún alvarlega veik á sjúkrahúsi með HIV-smit. Hún hafði misst eiginmanninn úr alnæmi og hélt að hún ætti stutt eftir. Á þeirri stundu sagði hún við starfsfólk verkefnisins „Ég get dáið sátt því

ég veit að börnin mín fjögur eru komin í öruggt skjól“. Árið 2019 hitti framkvæmdastjóri Hjalparstarfs kirkjunnar Harriet sem þá var komin í sveitarstjórn þar sem hún beitir sér fyrir bættum hag HIV-smiðaðra og barna þeirra. Við það tækifæri sagði hún „Sjáið mig bara, ég var búin að missa alla von en nú eru börnin mín orðin stór og ég er leiðtogi í samfélaginu“.



Ungt fólk fær tækifæri til að stunda verknám og getur séð sér farborða

Í þremur fátækrahverfum Kampala, höfuðborgar Úganda fjármagnar Hjalparstarf kirkjunnar rekstur smiðja fyrir ungt fólk á aldrinum 13-25 ára.

Þar geta ungmenni sem hafa ekki getað haldið áfram í skóla sökum fátæktar og búa við ömurlegar aðstæður fengið tækifæri til að stunda eins árs nám í iðngrein sem þau geta notað til að sjá fyrir sér. Líka er lögð áhersla á að ungmennin taki þátt í uppbyggilegum tómstundum og námskeiðum sem styrkja sjálfsmyndina.

Ashraf

Saga Ashraf sem er 19 ára gamall er saga sigurvegara. Hann býr hjá ömmu sinni ásamt yngri systur í fátækrahverfi í Kampala. Ashraf gat ekki haldið áfram í framhaldsskóla sökum efnaleysis en sagði að í smiðju Hjalparstarfs kirkjunnar hefði hann fengið tækifæri til að elta draum sinn um að verða dag einn frægur

fatahönnuður. Ashraf útskrifaðist með hæstu einkunn úr smiðjunni snemma vors 2019 og í verðlaun fékk hann saumavél sem hann notar við vinnu sína heima við. Í maí 2019 var Ashraf líka orðinn vinsæll kennari í einni smiðjunni í fatahönnun og saumaskap.





Aðstoð við efnalitlar fjölskyldur fyrir jólin

Í desember aðstoðar Hjálparstarf kirkjunnar fólk sem býr við fátækt svo það geti gert sér dagamun yfir hátíðirnar. Stuðningurinn tekur mið af aðstæðum hvers og eins og er fyrst og fremst í formi inneignarkorta í matvöruverslunum sem verða gefin út eigi síðar en 20. desember.

Foreldrum sem búa við kröpp kjör býðst auk þess jólafatnaður og gjafir fyrir börnin.

Tekið er á móti umsóknum frá barnafjölskyldum í Reykjavík á skrifstofu Hjálparstarfs kirkjunnar, Háaleitisbraut 66, neðri hæð, þann 1., 2. og 5. desember kl. 10-15.

Umsækjendur eru beðnir um að mæta með gögn sem sýna tekjur og útgjöld síðasta mánaðar.

Umsóknarfrestur fyrir umsókn á heimasíðu Hjálparstarfsins er 16. desember næstkomandi.

Hjálparstarf kirkjunnar, www.hjalparstarfkirkjunnar.is, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, sími 528 4400.

Assistance for low-income families in December

Icelandic Church Aid assists low-income families before Christmas. Support is provided with debit cards in grocery stores issued at the latest on December 20th.

Second-hand festive clothes and presents for children are also provided.

Families with children, living in Reykjavík, may apply at the Icelandic Church Aid Office at Háaleitisbraut 66, lower floor. Application days are on December 1, 2 and 5 between 10 AM and 3 PM.

Please remember to bring income and expenses documents (mortgage payments, rent, nursery school, heat, electricity, etc).

Deadline for on-line application is 16 December.

Icelandic Church Aid, www.hjalparstarfkirkjunnar.is, Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, Phone: 528 4400



**Hjálparstarf
kirkjunnar**
actalliance



Á myndinni eru frá vinstri Mjöll Þórarinsdóttir sem hefur umsjón með störfum sjálfboðaliða og stór hluti sjálfboðaliða Hjálparstarfsins, þær Dúfa S. Einarsdóttir, Elsa Sveinsdóttir, Bergþóra Njálisdóttir, María J. Ólafsdóttir, Sólveig Árnadóttir og Sigrún Benediktisdóttir.

Ómetanlegt starf sjálfboðaliða Hjálparstarfs kirkjunnar!

Hjálparstarf kirkjunnar býr yfir dýrmætum mannauði en til okkar mætir vaskur hópur kvenna á haustin og fyrir jólin til að flokka vetrarfátnað sem okkur berst sem og sparifatnað fyrir jólin. Þær raða í hillur og setja á slár, allt eftir kúnstarinnar reglum. Fátnaðinn fær svo fólkið sem til okkar leitar.

Fulltrúar í fulltrúaráði er annar hópur sjálfboðaliða sem gefur af tíma sínum til þess að mynda bakland og yfirstjórn Hjálparstarfs kirkjunnar. Hver söfnuður þjóðkirkjunnar getur kosið fulltrúa í ráðið sem fundar tvisvar á ári og kýs framkvæmdastjórn Hjálparstarfsins á aðalfundi í september ár hvert. Framkvæmdastjórnin vinnur störf sín einnig í sjálfboðinni þjónustu og eru störf hennar ólaunuð.



Myndin er tekin á aðalfundi Hjálparstarfs kirkjunnar í september síðastliðnum. Á fundinn mættu 18 fulltrúar, þar með talinn verndari stofnunarinnar, frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.

Á hverju hausti ganga börn í fermingarfræðslu þjóðkirkjunnar með bauk frá Hjálparstarfi kirkjunnar í hönd og banka upp á hjá fólki í hverfinu sem þau búa í og

þjóða því að styrkja verkefni Hjálparstarfsins í Eþíópíu og Úganda. Börnin gefa þannig af dýrmætum tíma sínum til hjálparstarfs.

Haustið 2021 söfnuðu börnin alls 8.164.268 krónum en upphæð söfnunarátaksins haustið 2022 mun liggja fyrir í upphafi nýs árs.

Takk elsku sjálfboðaliðar fyrir ykkar óeigingjarna framlag til hjálparstarfs!



Börn í fermingarfræðslu í Háteigskirkju leggja af stað stað með bauk Hjálparstarfs kirkjunnar.



Leggðu þitt af mörkum með því að gerast Hjálparliði!

Hjálparstarf kirkjunnar treystir á fjárstuðning frá hjartahlýju fólki til að sinna öflugum mannúðar- og hjálparstarfi á Íslandi jafnt sem á alþjóðavettvangi.

Með því að gerast Hjálparliði hjálpar þú fólki sem býr við fátækt á Íslandi og í fátækustu samfélögum heims. Með mánaðarlegu framlagi gerir þú okkur betur kleift að rétta hjálparhönd þeim sem á þurfa að halda.

Með stuðningi Hjálparliða ...

- fá fjölskyldur sem búa við stríðsástand eða eru á flóttu mannúðaraðstoð
- fá fjölskyldur sem búa við fátækt á Íslandi inneignarkort í matvöruverslunum
- geta börn efnaminni foreldra stundað íþróttir og tómstundastarf
- rjúfum við einangrun kvenna sem búa við fátækt á Íslandi
- fá ungmennti í Úganda starfsmenntun og geta séð fyrir sér
- fá munaðarlaus börn í Úganda þak yfir höfuðið
- fær fólk á þurrkasvæðum í Eþíópíu aðgengi að vatni

Skráðu þig hér eða hringdu í síma 528 4400 og leggðu þannig þín lóð á vogarskálarnar.

Við störfum með þínum stuðningi

Takk fyrir dýrmæta hjálp!



Hjálparstarf
kirkjunnar
actalliance



SVAVAR HÁVARÐSSON HEFUR STÖRF SEM FRÆÐSLU- OG UPPLÝSINGAFULL-TRÚI HJÁLPARSTARFS KIRKJUNNAR



Hjálparstarfi kirkjunnar hefur borist liðsauki en Svavar Hávarðsson hefur hafið störf sem fræðslu- og upplýsingafulltrúi Hjálparstarfsins. Svavar starfaði áður sem blaðamaður og ritstjóri til fjölda ára.

Svavar mun meðal annars hafa með höndum ritstjórn og útgáfu fréttablaðsins Margt smátt..., upplýsingamiðlun og samskipti við fjölmiðla, umsjón með fræðslu og skipulagningu viðburða.

Hann tekur við keflinu af Kristínu Ólafsdóttur sem mun framvegis gegna starfi verkefnastjóra erlendra verkefna hjá Hjálparstarfinu.

Á rætur fyrir austan

Svavar er Austfirðingur en hefur verið búsettur í Reykjavík lengst af. Rætur hans liggja til Seyðisfjarðar en enn frekar til Stöðvarfjarðar þar sem hann ólst upp. Hann starfaði sem sjómaður lengi vel en ákvað að drífa sig í sagnfræðinám þegar blaðamennskan kallaði. Starfaði þó um tíma sem sjálfstætt starfandi fræðimaður áður en blaðamennskan tók við.

Svavar lýsir sér sem fjölskyldumanni og dellukarli. Grundfirðingurinn Hugrún Dögg Sigurðardóttir er konan hans og eiga þau saman soninn Atla. Svavar á einnig son af fyrra sambandi, hann Hákon sem stundar nám við Háskólann á Akureyri. Stangveiði hefur fylgt Svavari alla tíð og er hans helsta áhugamál. Áhugi hans á útivist fann sér líka farveg í steinasöfnun og plokki en hann og Atli sonur hans hafa um nokkura ára skeið tínt rusl úr náttúrunni sem þeim þykir afar gefandi.

Sem blaðamaður í innlendum fréttum á Fréttablaðinu sinnti Svavar skrifum um fjölbreytt efni. Hann hlaut verðlaun Blaðamannafélags Íslands fyrir rannsóknarblaðamennsku árið 2011 fyrir frétt aflutning af mengun frá sorpbrennslum. Svavar söðlaði um árið 2017 og hefur starfað sem ritstjóri Fiskiréttta undanfarin ár.

Svavar er með BA próf í sagnfræði frá Háskóla Íslands og hefur sinnt ýmsum félagsstörfum; sat meðal annars í stjórn Sagnfræðingafélags Íslands og í ritnefnd Stangaveiðifélags Reykjavíkur.

Netfang Svavars er svavar@help.is



Frumherji



ÞÖKKUM STUÐNINGINN!

REYKJAVÍK

Argos ehf.
Orðabankinn sf.
VA arkitektar ehf.
Birtingur ehf.
Baka til ehf.
Verkfræðistofan Viðsjá ehf.
Línan ehf.
Úti og Inni Arkitektar
Brim hf.
Hótel Leifur Eiríksson ehf.
Aldeilis Auglýsingastofa ehf.
Fiskkaup hf.
Aðalhreinsir - Drífa ehf.
Kurt og Pí ehf.
Kanon arkitektar ehf.
P. Petersen ehf.
Gjögur hf.
Betra líf - Borgarhóll ehf.
Skelin ehf.
Litróf ehf.
Hagkaup
Klettur-Skipaafgreiðla ehf.
Verslunin Álfheimar ehf.
Fóðurblandan hf.
Delíla og Samson sf.
Halldór Jónsson ehf.
Alvarr ehf.
PROevents ehf.
Kom Almannatengsl
Arkitektastofan OG ehf.
Verkhönnun ehf.
Smith & Norland hf.
Leigulistinn ehf.
VSÓ Ráðgjöf ehf.
Verkfræðipjónusta Ggb slf.
Trackwell hf.
Hrafnhildur Sigurðardóttir ehf.
Bjarnar ehf.
Pizza King ehf.
Hið Íslenska bókmenntafélag
Húsaklæðning ehf.
Brunahönnun slf.
Tannval ehf.
Reyktal þjónusta ehf.
Breiðan ehf.
Bókhaldsstofa Haraldar slf.
VK verkfræðistofa ehf.
Dansrækt JSB
Ennemm ehf.
Eignaumsjón hf.
BK ehf.
Bónstöðin hjá Jobba ehf.
K.F.O. ehf.
THG Arkitektar ehf.
Jensen, Bjarnason og co ehf.
Fidesta ehf.
Brauðhúsið ehf.
Fasteignasalan Miklaborg ehf.
Fjöður ehf.
Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf.
Lyfjaval ehf.
Hitastýring hf.
VDO ehf.
Óskirnar þrjár ehf.
(Skýrslur og skil)
PFAFF hf.
MariConnect ehf.
Kjöreign ehf.
Verkfærasalan ehf.
Pixel ehf.
Kjaran ehf.
Hotel Lotus ehf.
Gullsmiðurinn í Mjódd
A. Margeirsson ehf.
Tannlæknar Mjódd ehf.
Hársnyrtistofan Arnarbakka 2
Rafstjórn ehf.
JHM Sport ehf.
Höfðakaffi ehf.
Stansverk ehf.

Bílamálun Sigursveins
Bókhaldsþjónusta Arnar Ing ehf.
Aðalverkstæðið ehf.
Ísloft Blikk- Og Stálsmiðja ehf.
Þór hf.
Hagi ehf.
Kólus Sælgætisgerð
Fyrirtak málningarþjónusta ehf.
Fjaðrabúðin Partur ehf.
Bílasmiðurinn hf.
Bókhaldsþjónusta Kom ehf.
Würth á Íslandi ehf.
Dýraspítalinn í Viðidal ehf.
Rafsvið sf.
Gleipnir Verktakar ehf.
Verslunartækni ehf.
Hreinsitækni ehf.
Þorsteinn Bergmann ehf.
- Helena Bergmann
LK þjónusta ehf.
Orka ehf.
JB pípulagnir ehf.
Helgi Einar Nonni ehf.
Bílasala Reykjavíkur ehf.
BSR ehf.
Brúskur Hársnyrtistofa
B.B. bílaréttingar ehf.
Fjárstoð ehf.
Heildverslunin Glit ehf.
Kemi ehf.
Magnús og Steingrímur ehf.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
SHV pípulagningaþjónusta ehf.
Neshamar ehf.
Sögn ehf.
Rima Apótek ehf.
Fanntófell ehf.
Eiríkur og Einar Valur ehf.
G.Á. verktakar sf.
Eðalflutningar ehf.
Útlitshönnun ehf.
Oliudreifing ehf.
Lögfræðipjónusta Sigurðar
Sigurjónssonar hrl. ehf.

SELTJARNARNES

Borgarblöð
Önn ehf., verkfræðistofa
Icetugs ehf.
Skipaþjónusta Íslands ehf.

KÓPAVOGUR

Norm X ehf.
Loft og raftæki ehf.
Tónskóli þjóðkirkjunnar
Ræstitækni ehf.
Verkfræðistofan Vík ehf.
Goddi ehf.
Dn ehf.
JJ Pípulagnir ehf.
Púst hjá Einari ehf.
Hvammshólar ehf.
Blikksmiðjan Vík ehf.
Publin ehf.
Fylgifiskar ehf.
Rafport ehf.
Segull ehf.
Óskatak ehf.
Ison ehf.
Laugin ehf.
Suðurverk hf.
Lín Design
U.S.A. ehf.
Fasteignamiðstöðin ehf.
Mannrækt og menntun ehf.
Nobex ehf.
Glasúr ehf.
Zenus ehf
Rafmiðlun hf.
Birtingaholt
Gunnarshólmi grasavinafélag ehf.

GARÐABÆR

Engilbert Óh Snorrason
Tannlæknastofa sf.
Krókur ehf.
Metatron ehf.
Fagval ehf.
Ingi hópferðir ehf.
Onno ehf.
Járnsmiðja Óðins
Hafnasandur hf.
Fló ehf.
Loftorka Reykjavík ehf.
Kerfóðrun ehf.
Hásandur ehf.
Aurora Tours ehf.
Nordic Luxury ehf.
Vörn ehf.
Samhentir Kassagerð hf.
Gæludýrabúðin Fisko ehf.
GP - Arkitektar ehf.

HAFNAREFJÖRÐUR

Barkasuða Guðmundar ehf.
Snittvélin ehf.
Skerpa Renniverkstæði ehf.
Hafnarfjarðarhöfn
Úthafsskip ehf.
Ísfell ehf.
Sign ehf.
Krossborg ehf.
Burger-Inn ehf.
Fjarðarmót ehf.
Markus Lifenet ehf.
Bílaverk ehf.
Strendingur ehf.
Bókráð, Bókhald og Ráðgjöf ehf.
Bortækni ehf.
Gasfélagið ehf.
Hópbílar hf.
Sæblik ehf.
Manning ehf.
Terra Efnaeyðing hf.
Verktækni ehf.
Dverghamrar ehf.
Colas Ísland hf.

VOGAR

Toggi ehf.

REYKJANESBÆR

Rétt sprautun ehf.
Bergnet ehf.
M² fasteignasala & leigumiðlun
Verkfræðistofa Suðurnesja ehf.
Örk ehf.
Maron ehf.
Dimm lausnir ehf.
Rafeindir og tæki ehf.
Magnús Jónsson ehf.
Nesraf ehf.
Grímsnes ehf.
K.Steinarsson ehf.
Nýsprautun ehf.
APS Kjarnaborun og Steypuvinna
24/7 Þjónusta ehf.
Skólar ehf.

GRINDAVÍK

Lagnaþjónusta Þorsteins ehf.
Þorbjörn hf.
Einhamar Seafood ehf.

SUÐURNESJABÆR

Verk- og tölvuþjónustan ehf.

MOSFELLSBÆR

Vélsmiðjan Sveinn ehf.
Öryggisgirðingar ehf.
Dynkur ehf.
Nonni Litli ehf.
VGH-Mosfellsbæ ehf.

Nýja Bílasmiðjan hf.
Álguggar Jg ehf.
Laxnes ehf.
Mosfellsbakari ehf.
Reykjabúið ehf.
Rafis ehf.
GT-bílar ehf.
Fagefni ehf.

AKRANES

Vignir G. Jónsson ehf.
Bilver ehf.
Apótek Vesturlands ehf.
Tryggðarbönd ehf.
Model ehf.
Trésmiðjan Akur ehf.
Meitill-Gt Tækni ehf

BORGARNES

Landlínur ehf.
Blómasetrið ehf.
Sprautu- og
Bifreiðaverkstæði Borgarness

STYKKISHÓLMUR

Sæfell ehf.

ÓLAFSVÍK

Steinprent ehf.

HELLISSANDUR

Breiðavík ehf.

BÚÐARDALUR

Rafsel Búðardal ehf.
Ásklif ehf.
Þorgrímur Guðbjartsson

REYKHÓLAHREPPUR

Þörungaverksmiðjan hf.

ÍSAFJÖRÐUR

Orkubú Vestfjarða ohf.
Vestri ehf.
DAKIS ehf.
Ráðhús ehf.
Ævintýradalurinn ehf.

BOLUNGARVÍK

Sigurgeir G. Jóhannsson ehf.
Valdimar L. Gíslason sf.
Rafverk AG ehf.

SUÐUREYRI

Fiskvinnslan Íslandssaga hf.

PATREKSEFJÖRÐUR

Albína verslun
Oddi hf.

TÁLKNAFIRÐI

Þórsberg ehf.

DRANGSNES

Útgerðarfélagið Gummi ehf.

HVAMMSTANGI

Sláturhús KVH ehf.
Kidka ehf.

BLÖNDUÓS

Búnaðarsamband
Húnaþings/Strand
Vilko ehf.
Sörlatunga ehf.

SKAGASTRÖND

Vík ehf.

SAUÐÁRKRÓKUR

Steinull hf.

Dögun ehf.
Fisk-Seafood ehf.
Útgerðarfélagið Sæfari ehf.

SIGLUFIRÐI

Siglufjarðar Apótek ehf.

AKUREYRI

Enor ehf.
Ljósko ehf.
Skóhúsið
Tannlæknastofa
Árna Páls Halldórssonar
Sjúkrahúsið Á Akureyri
Hrafnsteinn ehf.
Norlandair ehf.
Endurhæfingarstöðin ehf.
Íslensk verðbréf
Trig ehf.
Vélsmiðjan Ásberg ehf.
Samherji Ísland ehf.
Stefna ehf.
Hlið ehf.
Almenna lögbjónustan ehf.
Gróðrarstöðin Réttarhóll ehf.
Framtal sf.
Krua Siam
Stórholt ehf.
Þrif og ræstivörur ehf.
Blikkrás ehf.

GRENIVÍK

Vélvanur ehf.

DALVÍK

Maggi & Daði málarar ehf.
Híbýlamálun,
Málningarþjónusta ehf.
G.Ben Útgerðarfélag ehf.
Bruggsmiðjan Kaldi ehf.

HÚSAVÍK

Trésmiðjan Rein ehf.

MÝVATN

Mýflug hf.
Vogar, ferðaþjónusta

KÓPASKER

Vökvaþjónusta Kópaskers

BAKKAFJÖRÐUR

K. Valberg slf.

VOPNAFJÖRÐUR

Sundleið ehf.

EGILSSTAÐIR

Treiðjan Einir ehf.
Klassík ehf.
Hótel Eyvindará ehf.
Myllan
Miðás ehf.
Gistihúsið Egilsstöðum
Skrifstofufjón Austurlands ehf.
Gunnarsstofnun

REYÐAREFJÖRÐUR

Tærgesen ehf.
Fjarðaveitingar ehf.
Launafl ehf.

ESKIFJÖRÐUR

R.H. Gröfur ehf.
Eskja hf.

NESKAUPSTAÐUR

Síldarvinnslan hf.
Samvinnufélag útgerðarmanna
Í Neskaupstað

FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR

Loðnuvinnslan

BREIÐDALSVÍK

Dýralæknirinn á Breiðdalsvík

HÖFN Í HORNAFIRÐI

Sf - 47 ehf.
Pakkhús veitingar
Rósaberg ehf.

SELF OSS

Stúdíó Stund ehf.
Bílasala Suðurlands ehf.
Prentverk Selfoss ehf.
Tannlæknaþjónustan slf.
Gesthús Selfossi ehf.
Stálkrókur ehf.
Set ehf.
Málarinn Selfossi ehf.
Kökugerð H.P. ehf.
Fræðslunetið
- Símenntun Á Suðurlandi
Pylsuvagninn Selfossi
/ Ingunn Guðmunds
Lindin,Verslun
Tæki og tól ehf.
Ræktunarsamband Flóa
og Skeiða ehf.
Ullarverslunin Þingborg
Reykhóll ehf.
K.Þ. Verktakar ehf.
Gróðrarstöðin Ártangi ehf.

HVERAGERÐI

Múrþjónusta
Helga Þorsteinssonar hf.
Frumskógar ehf.

ÖLFUS

Gljufurbústaðir ehf.
M.Gott ehf.

FLÚÐIR

B.R. Sverrisson ehf.
Mika ehf.

HELLA

Hestvit ehf.

HVOLSVÖLLUR

Eldstö ehf.
Héraðsbókasafn Rangæinga

VESTMANNAEYJAR

Nethamar ehf.
Teiknistofa
Páls Zóphóniassonar ehf.
Heimaey ehf. - Þjónustuver
Rannsóknarþjónustan
Vestmannaeyjum ehf.
Bókasafn Vestmannaeyja
Ísfélag Vestmannaeyja ehf.

Hvort sem þú ert gefandi eða þiggjandi gjafabréfs Hjálparstarfs kirkjunnar gefur þú gjöf sem heldur áfram að gefa.

Gjöf sem gefur



Geit

Sem þiggjandi þessa gjafabréfs næringarríka fæðu og tækni.

Gjafabréf þetta er gjöf sem þú gefur þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í úganda. Í hvert misst foreldra úr alnæmi mannsamandi lífi.

Fjölskylda sem á gettað samfélaginu. Sumu kó má nota til að stjórka hagnýtt að birta kjöð verður lítaðkoman t



Gjöf sem gefur



Jólagjöf

Sem þiggjandi þessa gjafabréfs gleður þú barn á jólum.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar á Íslandi. Rík áhersla er lögð á að aðstoða fjölskyldufólk sem býr við kröpp kjör fyrir jólin svo það geti gert sér dagamun yfir hátíðirnar.

Aðstoðin er fyrst og fremst í formi inneignarkorta fyrir matvöru en foreldrar í fjárhagslegri neyð fá einnig aðstoð svo börnin fái jólafatnað og jólagjafir.



Gjöf sem gefur



Hjálpargögn

Sem þiggjandi þessa gjafabréfs aðstoðar þú fólk í neyð vegna náttúrhamfara og stríðsátaka.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar við um heim. Þegar mannslíf eru í hættu vegna náttúrhamfara eða stríðsátaka er brynt að aðstoð berist svo fjótt sem verða má. Tryggja þarf öruggt húsnæði, vatn og hreinlætisaðstöðu, fæðu- og lyfjakostnað.

Börnin þurfa að komast aftur í skólann og allir að hafa aðgang að heilugestu. Aðstoð er veitt svo fólk geti séð sér farborða og hjálpað sér sjálft á nýjan leik. Með þínum stuðningi fær fólk töskufullt af að lífa með reisi.

SMELLTU HÉR
fyrir frekari upplýsingar



Hjálparstarf
kirkjunnar
actalliance